

# Ársskýrsla stjórnar L. H.

Starfsárið 1985-'86

og  
reikningar ársins 1985



Bændahöll · 107 Reykjavík · Sími 91-29899 og 19200

SKÝRSLA STJÓRNAR LANDSSAMBANDS HESTAMANNAFÉLAGA

STARFSÁRIÐ 1985-1986

1. STJÓRN.

Starfsárið 1985-1986 skipuðu eftirtaldir aðilar stjórn Landssambands hestamannafélaga:

Aðalstjórn:

Formaður: Stefán Pálsson, Kópavogi.  
Varaformaður: Leifur Kr. Jóhannesson, Mosfellssveit.  
Ritari: Kári Arnórsson, Reykjavík.  
Féhirðir: Gunnar Gunnarsson, Arnarstöðum, Árn.  
Meðstjórnendur: Egill Bjarnason, Sauðárkrúki,  
Guðrún Gunnarsdóttir, Hvanneyri, Borg.  
Skúli Kristjánsson, Svignaskarði, Mýr.

Varastjórn: Jón Ólafur Sigfússon, Akureyri.  
Kristbjörg Eyvindsdóttir, Reykjavík.  
Guðmundur Jónsson, Mosfellssveit.  
Sigbjörn Björnsson, Mýrasýslu,  
Sigfús Guðmundsson, Geldingaholti, Árn.

2. STARFSMENN OG SKRIFSTOFA L.H.

Miklar breytingar urðu á starfsliði á árinu og allri skrifstofuáðstöðu. Sigurður Ragnarsson sem verið hefur framkvæmdastjóri s.l. fjögur ár hætti störfum í febrúarþyrjun. Við starfi hans sem framkvæmdastjóri tók Guðmundur Ó. Guðmundsson sem hestamönnum er að góðu kunnur. Eg tel það mikil lán fyrir samtökum að fá til starfa mann sem er jafn nákunnugur starfi og uppyggingu L.H. Jafnframt því að bjóða Guðmund velkominn eru Sigurði færðar bestu þakkir fyrir hans störf með óskum um velfarnað í nýju starfi í þágu hestamanna við útflutning hrossa. Þá flutti skrifstofa L.H. frá Snorrabraut 54 í Bændahöllina í janúar-lok s.l. Með flutningi skrifstofu L.H. og skrifstofu "Hestsins okkar" sem var í sameiginlegu húsnæði á Snorrabrautinni í tvö notaleg skrifstofuherbergi í Bændahöllinni er vel séð fyrir allri aðstöðu til næstu framtíðar, auk þess sem aðgangur fékkst að fundarherbergjum.

Á árinu voru haldnir 14 stjórnarfundir og voru þeir allir boðaðir bæði aðal- og varastjórn, þannig áttu allir að hafa tækifæri til að fylgjast með því sem stjórnin fjallaði um og koma fram með hugmyndir. Auk þess voru haldnir ýmsir smærri fundir um fjölmörg

málefni sem nefndir fengu til úrlausnar. Skrifstofan er í vaxandi mæli heimsótt af hestamönnum til viðræðna og úrlausnar hinna ýmsu mála svo sem vegna mótahalðs o. fl. Undirbúnungur landsmótsins fór fram á vegum framkvæmdanefndar landsmótsins sem með ýmis atriði leitaði þá til skrifstofunnar til úrlausnar.

Þá fór nokkur tími í blaðið "Hesta" þeð við innheimtu eldri reikninga, en blaðið "Hestar" var prentað á Akureyri í ár og fór mikil undirbúningsvinna fram þar. Sérstök ástæða er til að þakka varastjórnarmanni Jóni Ólafi Sigfússyni fyrir hans vinnu í sambandi við útgáfu blaðsins. Það hefur áður komið fram að mjög mikil vinna er við útgáfu blaðs sem þessa og hæpið að tekjur skili sér miðað við þá miklu vinnu sem fylgir útgáfunni.

"Með jóreyknum" fréttir frá stjórn og skrifstofu var sent út til félaganna í mars með því blaði er reynt að segja frá því helsta sem er að gerast á hverjum tíma.

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 09-17 eins og áður.

#### FÉLAGSBÚNINGAR.

Á stjórnarfundi 25. febr. s.l. var samþykkt umsókn hestamannafél. Grana á Húsavík. Búningurinn er dökkblár jakki, svartar buxur, hvít skyrta og rautt bindi. Félagsmerki á brjóstvasa. Skrifstofa L.H. óskar eftir ljósmyndum af búningum allra félaga, sem slika eiga. Myndasafn L.H. er ófullkomið að þessu leyti og þörf úrbóta. Óskað er eftir því að félögini setji sig í samband við framkvæmdastjórn L.H. til úrbóta í þessu máli.

#### STAÐFESTING META.

Stjórnin staðfesti nýtt Íslandsmet í 250 m folahlaupi 17,3 sek. Það var sett af hestinum Lótusi frá Götu, Hvolvreppi, Rang. Eigandi hestsins er Kristinn Guðnason, Skarði, Landssveit, Rang. og metið sett á Melgerðismelum 28. júlí 1985. Eftir að ósamhljóða yfirlýsingar höfðu komið fyrir Mótanefnd og málið tekið fyrir oftar en einu sinni, klofnaði nefndin í málín. Stjórn L.H. ákvað að taka gilda aldursgreiningu yfirdýralæknis og staðfesti metið á þeiri forsendu, að ekki væri stætt á því að vífengja hana. Það er mjög erfitt að fara með mál sem þessi þegar vottorð fyrri eigenda stangast fullkomlega á og tæpast annað hægt en byggja á úrskurði yfirdýralæknis sem aldursgreinir hross til útflutnings.

Á stjórnarfundi 22. október 1986 lá fyrir umsókn, frá Hestamannafélaginu Fáki, um staðfestingu á nýju ísl. meti í 250 m. skeiði. Hesturinn Leistur frá Keldudal hljóp á 21.4 sek. á Hvítasunnukappreiðum Fáks s.l. vor. Stjórn L.H. samþykkti samhljóða að staðfesta metið.

#### ÚTHLUTUN REIÐVEGAFJÁR.

Í nefnd um úthlutn reiðvegafjár áttu sæti Leifur Kr. Jóhannesson, Gunnar B. Gunnarsson og Kári Arnórsson. Nefndin lauk störfum 18. febr. og gerði að tillögu sinni: "Félög að þeim svæðum, sem haldin eru fjórðungs- eða landsmót, sitji að öðru jöfnu að úthlutun reiðvegafjár. Þess vegna kemur meginhluti úthlutunar að þessu sinni til félaga á Suðurlandi. Nefndin áskilur sér rétt til að verja hluta af reiðvegafé til sérstakra verkefna, ef þannig stendur á".

Til ráðstöfunar á þessu ári var 1 milljón króna, sem úthlutað var þannig:

Geysir	250 þús.
Sleipnir	250 -
Fákur og Hörður	150 -
Háfeti	100 -
Máni	100 -
Ljúfur	50 -
Andvari	30 -
Gustur	30 -
Smári	20 -
Stormur	20 -

## SAMNINGUR VIÐ FÉLAG TAMNINGAMANNA.

Leitað var eftir samstarfi við Félag hrossabænda vegna viðræðna um gjald fyrir tamningar á s.l. vetrí en Félag tamningamanna auglýsti einhliða gjald í blöðum í nóvember. Það var sameiginlegt álit F.H. og L.H. að semja ætti um þessa hluti.

Í samninganefnd frá L.H. voru settir þeir Stefán Pálsson og Leifur Kr. Jóhannesson en frá F.H. þeir Sigurður Gunnarsson og Kjartan Georgsson. Brátt fyrir nokkrar viðræður um gjaldtökum tókust ekki samningar, enda nokkuð áliðið vetrar. Var gengið frá bókun 3. mars sem var yfirlýsing um viðmiðunargjald kr. 7.500.- fyrir mánaðar fóður og tamningu fyrir þá sem minni reynslu hefðu og kr. 8.500.- fyrir tamningamenn með mikla reynslu. Var einnig bókæð um það að samningar yrðu að fara fram í október/nóvember ár hvert.

Þá fóru einnig fram viðræður milli L.H. og reiðkennaradeildar F.T. Gengið var frá svofelldum samningi.

### Samningur um laun reiðkennara innan Félags tamningamanna annars vegar og Landssambands hestamannafélaga hins vegar:

Sú breyting hefir orðið á með samningi þessum, að nú er tekið tillit til starfsaldurs og reynslu og í því sambandi settir upp þrír launaflokkar, eftir starfsaldri:

- A. Reiðkennrar með allt að 3ja ára starfsreynslu kr. 1.000,- á mann
  2. - - - 3ja til 7 ára - - - 1.600,- - -
  3. - - - 7 ára starfsreynslu eða meir - 1.900,- - -
  4. Sérstök námskeið fyrir unglings - 1.000,- í 2. og 3.fl.  
- 800,- í 1. fl.
- B. Gert er ráð fyrir að hámarksfjöldi á námskeiði sé 12 manns.
- C. Námskeið standi minnst 10 klst. og byggist bæði á bóklegu og verklegu námi.
- D. Gjald fyrir unglings miðast við að þeir séu í sérstökum unglingsnámskeiði, en séu þeir í flokki með fullorðnum, þá greiði þeir sama gjald og fullorðnir.
- E. Sé kennari ekki búsettur á svæðinu, greiðist ferðakostnaður til og frá námskeiðssvæði samkvæmt samkomulagi milli hestamannafélaga og kennara (og er heimilt að leggja hann á þátttökugjald).
- F. Samkomulag þetta gildir eingöngu milli reiðkennara F.T. og L.H. og er gildistími þess frá undirskrift. Óheimilt er að aðrir noti taxta

þessa, en samkomulagið tilgreinir og gildir ekki fyrir leiðbeinendur byrjenda, sem staðist hafa námskeið L.H. Samkomulag þetta gildir ekki fyrir æskulýðsstarf hestamannafélaga og bæjarfélaga.

Reykjavík, 3. mars 1986.

## MÓTADAGAR FÉLAGANNA.

Mótanefnd raðaði niður umsóknum frá 25 félögum á fundi sínum 14. febrúar. Það gekk árekstralaust og síðan var endanleg móttsskrá frágengin á skrifstofu L.H. 5. mars. Samvinna þarf að vera við Dómarafélag L.H. um þessi mál, til að auðvelda félögunum að fá dómara til starfa.

## SVÆDISFUNDIR.

Haldnir voru svædisfundir bæði á norðurlandi vestra og vesturlandi. Fundir voru haldnir í Víðihlíð, V-Hún. og Miðgarði í Skagafirði í mars og í Búðardal, Akranesi og Stykkishólmi í apríl. Stjórnarmenn ásamt framkvæmdastjórá mættu á fundina þar sem voru til umræðu helstu málefni sem unnið er að. Fundirnir voru fjölsóttir og er það matstjórnar að þetta fundaform sé á margan hátt gott til að fá ábendingar fyrir stjórn og miðla upplýsingum af skrifstofu.

## DÓMARAFRÆSLA.

Gæðinga- og unglingsnafnd L.H. undir formennsku Jóns Guðmundssonar stóð fyrir námskeiði fyrir verðandi landsdómara. Námskeiðið tókst vel og varð hlutaðeigendum til sóma. Samtímis var haldið endurhæfingarnámskeið fyrir starfandi landsdómara.

Mótanefnd bauð uppá námskeið fyrir starfsmenn kappreiða og átti að halda það í Reykjavík snemma í apríl. Enginn áhugi virtist vera á slíku suðvestanlands, og líttill annars staðar frá. Námskeiðinu var aflyst.

## BLAÐID "HESTAR"

Blaðið "Hestar" kom út eins og undanfarin ár en nú aðeins 24 síður í stað 40 síðna áður. Efnið skiptist þannig að um 13 síður voru auglýsingar en 11 síður efni og myndir. Ritstjóri blaðsins var að þessu sinni Ólafur H. Torfason, blaðamaður á Akureyri, og var blaðið unnið að öllu leyti í Dagsprenti h.f. á Akureyri. Auglýsingaöflun annaðist Eiríkur Jónsson ásamt ýmsum stjónarmönnum og framkvæmdastjóra. Skrifstofa L.H. annaðist dreifingu og var blaðinu að venju dreift meðal allra félagsmanna L.H. og á ýmsa fjölfarna staði víðs vegar um landið. Meðal efnis í blaðinu var viðtal við þau hjón Guðrúnu Gunnarsdóttur og Ingimar Sveinsson frá Egilsstöðum, sem nú búa á Hvanneyri, viðtal við Pál Bjarka Pálsson tamningamann í Garðhúsum í Skagafirði og hrossaræktarbúið á Hólum í Hjaltadal heimsótt. Auk þess var ýmiss annar fróðleikur í blaðinu. Öflun efnis og vinnsla gekk heldur treglega og kom þar margt til. Kom blaðið ekki út fyrr en í síðustu viku júnímánaðar sem var mun seinna en stefnt hafði verið að í upphafi. Varðandi tekjur L.H. af útgáfu þessari vísast til reikninga þeirra sem hér liggja frammi.

## FJÓRDUNGSMÓT Á NORDURLANDI.

Stjórn L.H. fól Grími Gíslasyni á Blönduósi að boða fund norðlensku hestamannafélaganna vegna undirbúnings Fjórðungsmóts 1987. Sá fundur var haldinn á Akureyri 26. apríl s.l. Ákveðið var að halda mótið á Melgerðismelum í Eyjafirði á vori komanda.

## LANDSMÓTID 1986.

Landsmót hestamanna var haldið á Hellu 2. til 6. júlí. Þegar stjórn L.H. fól sunnlensku hestamannafélögunum að sjá um rekstur mótsins skipuðu þau með sér fulltrúaráð sem síðan kaus eftirfarandi fimm menn í framkvæmdanefnd.

Gunnar Jóhannsson	Geysi	formaður
Örn Ingólfsson	Fáki	gjaldkeri
Hreinn Árnason	Gusti	ritari
Bjarni Ansnes	Smára	
Sigurður Haraldsson	L.H.	

Nefndin hélt 55 fundi og réði til sín Kjartan Ólafsson sem framkvæmdastjóra.

Mótuð var sú stefna strax, að takmarka fjölda hrossa frá síðasta Landsmóti til að fyrirbyggja að dagskráin yrði ekki of viðamikil. Heildarfjöldi hrossa sem lauk dómi, er sem hér segir:

A. fl. gæðinga	67	B. fl. gæðinga	68
Eldri fl. unglings	61	Yngri fl. unglings	54
Töltkeppni	16		
Stóðhestar með afkv.	8	Hryssur með afkv.	8
Stóðhestar 6v. og eldri	13	Hryssur 6v. og eldri	37
- 5v.	6	- 5v.	12
- 4v.	7	- 4v.	14

Samið var við Rangárbakka s.f. um leigu á félagssvæði Geysis. (Rangárbakkar s.f. er nýstofnað sameignarfélag hestamannafélaganna frá Hellisheiði austur að Lómagnúp um uppbyggingu og rekstur svæðisins). Mótssvæðið var leigt á 16% aðgangseyri auk þess sem Rangárbakkar s.f. héldu veitingaleyfinu.

Það er mat framkvæmdanefndarinnar að það sé rangt að undanskilja veitingareksturinn frá öðrum rekstri mótsins, því hætta er á að skipulag hans verði ekki í takt við annað skipulag mótsins.

Uppbygging svæðisins og aðstaða var eins og best verður á kosið. Glæsilegt stóðhestahús var byggt. Salernisaðstaða var til fyrir-myndar með tilkomu nýs salernishúss á aðalsvæði auk smærri húsa á tjaldsvæðum. Vellir voru mjög góðir. Skemmtileg nýjung var reynd í gæðingakeppninni. Kept var á nýrri gerð hringvallar sem hafði

styttri skammhliðar en lengri langhliðar, auk þess sem yfirferðarbraut var byggð á ská í gegnum völlinn og gekk hún út úr honum horn í horn. Var það samdóma mat keppenda og áhorfenda, að vel hafi til tekist, hefði kraftur og fjör íslenska hestsins notið sín mun betur á þessum velli en hinum hefðbundna 300 m velli.

Á mótinu var bryddað upp á þeirri nýjung að fara í sameiginlegan reiðtúr um Rangárvelli með takmarkaðri þátttöku við eitt hundrað, þar sem grillað var í Reiðarvatnsrétt. Geysilegur áhugi var á túrnum svo fjölgæð var í hópnum svo endanleg tala var 180 manns.

Sú uppbrygging sem gerð hefur verið með áðurnefndum mannvirkjum auk ræktunar 200 hektara lands sem ekki var nýtt nú nema fyrir keppnis-hross af ótta við of mikið álag fyrsta árið, hefur skilað sér í einu besta móttssvæði landsins. Svæðið er mjög rúmt því allir hlutir eru á sama stað, vellir, tjaldsvæði og hagagirðingar.

Félögin sem stóðu að rekstri mótsins unnu flest störf á mótinu í sjálfböðavinnu, var það hvað erfiðast í rekstri mótsins hvað sumir virtu ekki áður samþykkta vinnuskyldu. Nefndin ákvað strax að gæta ítrrustu varfærni í fjármálum án þess þó að láta það koma niður á móthaldinu.

Til að vekja athygli á mótinu setti hún á svið með aðstoð góðra manna kaupstaðarferð frá Hellu til Reykjavíkur og til Hellu aftur.

Kaupstaðarferðin fékk verðskuldaða athygli í fjölmöglum og var því auglýsingakostnaður í lágmarki, en mótið var fjölmennasta Landsmót sem haldið hefur verið.

Rekstrarafkoma var góð en lokauppgjör liggur ekki fyrir, en verður væntanlega til í byrjun nóvember.

#### KVIKMYND AF LANDSMÓTI

Kvikmynd frá Landsmóti er á vinnslustigi. Verið er að klippa myndina, en kvikmyndum annaðist Hrif en Ragnar Tómasson var fulltrúi L.H. við kvikmyndagerðina. Er þá komið að því að fullvinna hana. Síðan þarf að gera texta við endanlegt eintak og setja inn tónlist. Óvist er hvenær myndin verður fullbúin en gera má ráð fyrir að það verði um miðjan vetur. Þá þarf að athuga með erlendar textautgáfur.

#### HESTURINN OKKAR

26. árgangur "Hestursins okkar" er nú til umfjöllunar. Út komu fimm tölublöð, en í tilefni 25 ára afmælis blaðsins 1984, var ákveðið, að fjölga tölublöðum úr fjórum í fimm á ári hverju. Umfang 26. árgangsins er sem hér segir:

1. tbl.	40	bls.
2. "	44	"
3. "	44	"
4. "	100	"
5. "	104	"

Samtals 332 blaðsíður.

Að venju voru auglýsingar í lágmarki og fjárhagur blaðsins nokkuð góður.

Sýnt er, að u.p.b. 70% áskrifenda blaðsins greiða áskriftina án verulegs eftirrekstrar. Þetta eru ekki nógu góðar heimtur. Reynt hefur verið að stytta þennan skuldalista, en árangur ekki orðið sem skyldi.

Okkur, sem að útgáfunni stöndum, þykir gleðilegt, að nú tókst okkur loks varðandi ættbókina, að sópa upp nánast allar gamlar syndir og því öll ættbókarfærð hross komin á skýrslu í blaðinu enda varð fimminta tölublaðið frekær bók en blað.

Starfslið blaðsins var það sama og árið á undan, Albert í Skógrum ritstjóri og Valdimar Kristinsson ritstjórnarfulltrúi.

Einnig situr sama fólk í ritnefnd:

Kristján Guðmundsson, formaður Reykjavík  
Bragi Björgmundsson, Bolungarvík  
Gunnar Jónsson, Egilsstöðum  
Hannes Hjartarson, Akranesi  
Jón Steingrímsson, Reykjavík  
Jónas Vigfússon, Eyjafirði  
Kristján Benjaminsson, Reykjavík  
Sigrún Sigurðardóttir, Garðabæ  
Sigurður Haukur Guðjónsson, Reykjavík.

#### FRÁ FRÆDSLUNEFND.

Fræðslunefnd hefur lítið starfað þetta ár.

Af ásettu ráði ver dregið úr virkni nefndarinnar. Nefndin hefur að fullu gengið frá bæklingi "Um fóðrun" eftir Guðmund Jónsson, búfræðing. Bæklingurinn liggur tilbúinn til prentunar á skrifstofu L.H.

Einnig er handrit eftir Kristbjörgu Eyvindsdóttur tilbúið til setningar. Þetta er bæklingur sem ætlaður er byrjendum í hestamennsku, börnum sem öðrum. Einfaldur bæklingur um járnningar var langt kominn, en vegna útkomu bókar um járnningar s.l. veturnar var ekki hert á vinnu við frágang hans. Frumvinna við útgáfu myndbanda frá fyrrri landsmótum var langt komin, en slegið á frest. Ástæður þessa eru m.a. þar að eftirspurn eftir fræðsluefnri virðist í minna lagi. L.H. hefur t.d. gefið út og lagt mikla vinnu í vandaðan bækling um hesthúsbyggingar sem kom út s.l. haust en sala hans og annarra fræðslugagna hefur verið mjög dræm. Ástæður geta verið þrengri fjárráð og líka meira framböð fræðsluefnis þar sem blöðin Æiðfaxi, Hesturinn okkar, Hestar og Bóndinn hafa öll verið með lesefni fyrir hestamenn. Á vegum fræðslunefndar hefur verið gerður listi yfir fyrirlesara, sem félögum L.H. er bent á að hafa samband við, um fræðsluefni. Þessir listar eru sígildir og hafa þeir t.d. birst "í jóreyknum" og eru til á skrifstofu L.H.

Góðri frumvinnu við kennslugögn fyrir væntanlegan reiðskóla og kennslu í hestamennsku við bændaskólana þarf að ýta áfram í félagskerfi hestamanna og bænda.

#### FRÁ GÆÐINGA OG UNGLINGANEFND

Í nefndinni áttu sæti:

Guðmundur Jónsson  
Jón Guðmundsson  
Sigrún Sigurðardóttir  
Sigurður Haraldsson  
Þórður Axelsson

Til nefndarinnar barst eitt mál frá 36. ársþingi L.H. um sérstaka úrslitakeppni í unglingsflokkum.

Prófun fór fram á Hvítasunnumóti Fáks og var nefndin sammála um að mæla með samþykkt þessarar tillögu.

Aðalstarf nefndarinnar var að undirbúa og sjá um landsdómararáðstefnu sem haldin var að Brúarlandi dagana 24.-26. apríl 1986. Að þessu sinni var sá háttur hafður á að mönnum var skipt í starfshópa sem fjölluðu um helstu atriði gæðingadóma. Gæðinganefnd fjallaði töluvert um stefnumörkun í gæðingakeppninni og lagði fram á ráðstefnunni bókun um markmið gæðingakeppninnar sem var samþykkt af ráðstefnunni. Samhlíða ráðstefnunni var haldið landsdómaranámskeið þar sem útskriftar voru 9 landsdómarar.

Þeir voru:

Agnar Kristjánsson  
Benedikt Garðarsson  
Guðlaugur Antonsson  
Haraldur Torfason  
Jóhann Friðgeirsson  
Jóhann Þorsteinsson  
Jón F. Hansson  
Óli P. Gunnarsson  
Sveinn Vilhjálmsson

## FRÁ SÝNINGARNEFND

Þann 18. apríl 1986 kom sýningarnefnd B.I. og L.H. saman til fundar í Bændahöllinni. Mætt var fullskipuð nefnd, en hana skipa nú: Þorkell Bjarnason, Guðmundur Sigurðsson, Skúli Ö. Kristjónsson, Sveinn Guðmundsson og Steinþór Runólfsson.

Þorkell Bjarnason setti fundinn og gat þess í upphafi að breyting hefði orðið á skipan nefndarinnar. B.I. leysi að sínum hluta fulltrúa úr hópi starfandi ráðunauta. Einar E. Gíslason hefði látið af störfum sem ráðunautur og væri þá sjálfkrafa út úr nefndinni. Þorkell bar fram þakkir til Einars fyrir vel unnin störf og gott samstarf á liðnum árum og tóku fundarmenn í sama streng.

Að því loknu nefndi hann Steinþór Runólfsson fundarritara með samþykti annarra fundarmanna.

1. Þorkell hóf umræðu um kröfur um lágmarkseinkunnir sem kynbóta-hross þyrftu að ná til þess að öðlast rétt til þátttöku á næsta landsmót. Tildrog þessarar umræðu væri sú ákvörðun sem hann hafði staðið að og tekið með framkvæmdanefnd vœtanlegs landsmóts að hækka lágmarkseinkunn fyrir afkvæmahópa úr 7,90 í 8,00. Hann hefði talið óhætt að herða þessi mörk nú m.a. í ljósi þeirrar aðsóknar sem var að síðasta fjórðungs-mót. Þá væri eðlilegt að ræða einnig um fjölda afkvæma sem þyrftu að fylgja hverri hryssu í afkvæmadómi. Með núverandi formi væri oft matsatriði hvernig raða ætti hryssum sem hefðu mismörg afkvæmi með sér.

Í umræðum fundarmanna komu fram upplýsingar um viðbrögð manna við þessum breytingum á lágmarkseinkunnum, m.a. frá hrossaræktarsambundunum og allmögum svæðafundum sem haldnir höfðu verið á vegum L.H. Þá væru og líkur á að þetta yrði síðasta landsmótíð þar sem unnið yrði eftir þessu kerfi. Skammt virtist í að nýjar reglur yrðu teknar upp í framhaldi af rannsóknum og tillögum þeirra dr. Þorvaldar Árnasonar og Kristins Hugasonar. Eftir ítarlegri umræður gerði sýningarnefnd það að tillögu sinni að:

- a) Lágmarkseinkunn fyrir afkvæmahópa til þátttöku á Landsmótí verði 7,90
- b) Dómur á kynbótahyrssu byggðist á minnst þremur dæmdum afkvæmum.

2. Þorkell Bjarnason vakti máls á þeirri breytingu sem gerð hefur verið á dómstiganum þar sem vægi tölt er aukið. Eftir nokkra umræðu samþykkti nefndin einróma að ekki yrði hróflað við eldri dómum.
3. Tilnefningar búnaðarsambandanna í héraðsdómnefndir. Þorkell skýrði frá því að borist hefðu tilnefningar frá meiri hluta þeirra sem í hlut ættu. Fullnaðarskrá lægi þó ekki fyrir.
4. Rétt var um skipan dómnenefndar á landsmóti og hugmyndir ræddar sem Þorkell tók að sér að leggja fyrir B.I.
5. Aðild 4 vetra hrossa að landsmótu. Ströng þjálfun og álag það sem sýningum fylgir gengur oft nærrí þreki hrossa. Dæmi eru þess að þau fyllist kvíða og reyni á ýmsan hátt að koma sér undan þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar. Rétt þótti að koma af stað umræðu um þetta mál á vettvangi L.H. og ræktunarmanna um þátttöku 4 vetra hrossa.
6. Þorkell skýrði frá því að vœtanleg væri fljótlega á markað bókin "Hrossaræktin" sem B.I. gefur út. Þar er m.a. að finna nafnaskrá yfir öll hross sem tekin hafa verið í ættbók frá 1961-1985.

## FRÁ ÍþRÓTTARÁÐI.

Íþróttaráð L.H. starfaði með svipuðu sniði og undanfarin ár. Það voru haldnir 6 stjórnarfundir á árinu, auk óformlegra funda.

Stjórn íþróttaráðs skipuðu:

Sveinn Jónsson formaður,  
Hlédís Sveinsdóttir, ritari,  
Lisbet Semundssen, gjaldkeri,  
Ragnar Tómasson, varaformaður,  
Jóhannes Þ. Jónsson,  
Ingimári Ingimarsson og  
Þorsteinn H. Stefánsson.

Helstu samþykktir sem gerðar voru á síðasta ársþingi.

1. Reglur um skipan landsliðs Íslands í hestaíþróttum á Evrópu-mótum.
  2. Íslandsmót verði haldið eitt og sér, aðra eða þriðju helgi í ágúst ár hvert.
  3. Á íslandsmóti er heimil röðun frá 6. - 10. sæti í úrslitum í tölti, fjórgangi og fimmgangi.
  4. Í keppni í fimmgangi skal skeið sýnt á beinni braut sem sé ca 100 m að lengd.
  5. Stofnun félags dómara í hestaíþróttum.
- A. Stjórn Íþróttaráðs L.H. gekkst fyrir opnum umræðufundi um mál-efni F.E.I.F., sem haldinn var í Félagsheimili Fáks 29. nóv.  
Var fundur þessi mjög gagnlegur og stefnumarkandi.
- B. Haldin voru dómaranámskeið á 3 stöðum. Í Reykjavík voru útskrifaðir 7 dómarar og 5 hlýðnidómamar. Á Akureyri voru útskrifaðir 15 dómarar og í Keflavík 5 dómarar.  
Leiðbeinendur á námskeiðum þessum voru Ragnar Tómasson og Sveinn Jónsson í Reykjavík, Þorsteinn H. Stefánsson Matthías Gestsson og Sveinn Jónsson á Akureyri og Hallgrímur Jóhannesson og Sveinn Jónsson í Keflavík.
- C. Dómarafélag í hestaíþróttum var stofnað 10. júní í Reykjavík og 25. júlí á Akureyri. Í stjórn eiga sæti Ragnar Tómasson formaður, meðstjórnendur Birgir Arnason og Sveinn Jónsson og varastjórn Hafliði Gíslason og Þorsteinn H. Stefánsson.
- D. Íslandsmót í hestaíþróttum var haldið dagana 8. og 9. ágúst á Víðivöllum í Reykjavík. Íþróttadeild Fáks sá um framkvæmd mótsins, sem tókst í alla staði mjög vel.

- E. Norðurlandamót í hestaíþróttum fór fram í Finnlandi 1.-3. ágúst. Enginn keppandi var fyrir Íslands hönd. Tveir dómarar voru frá Íslandi, Þorvaldur H. Kolbeins og Sveinn Jónsson. Mót þetta var frábært. Næsta móti verður haldið í Värgarda í Svíþjóð 1988.
- F. Íþróttaráð tilnefndi 5 dómara í töltkeppni sem haldin var á landsmótinu, en var að öðru leyti ekki falið að sjá um framkvæmd keppninnar.
- G. Ekki er vitað hvað margar íþróttadeildir hafa sótt um inngöngu í Í.S.I. Íþróttadeild Sörla hefur fengið inngöngu, en þarf að breyta lögum deildarinnar örlítið.
- H. Reynt hefur verið að hafa allan tilkostnað íþróttaráðs í lágmátki, t.d. stóðu dómaranámskeiðin undir sér fjárhagslega með þátttökugjöldum og stjórn L.H. hefur greitt auglýsingar og ferðakostnað tveggja stjórnarmanna af norðurlandi.
- I. Mjög brýnt er að kjósa í nefndir til undirbúnings næsta Evrópu-móts sem haldið verður í Austurríki í ágúst n.k.

## YFIRLIT YFIR VERKEFNI STJÓRNAR FEIF 1986.

Eins og flestum er kunnugt er L.H. eitt af landssamböndum innan Evrópusamtaka um íslenska hestinn. Ráðstefnur, fundir, upplýsingar og ráðgjöf um ræktun og viðhald íslenska hestsins er mærkið FEIF og leita þau samtök eftir sem nánastri samvinnu við þau lönd sem íslenski hesturinn hefur þegar numið land og á vinsældum að fagna. Ísland er að sjálfsögðu eitt af forystulöndum í þessu markmiði og héðan hefur verið reynt að stuðla að samskiptum milli landa sem mest má vera. Ísland hefur mann í stjórn og er það nú Sigurður Ragnarsson, auk þess sem dómarar eru að verða sér meira meðvitaðir um stöðu sportmála og hafa aukið tengsl við sambærilega dómarar innan FEIF. Verður hér getið helstu málaflokka sem stjórn FEIF hefur haft til umfjöllunar.

### FEIF annáll 1986.

Samskipti milli landa hafa verið með ágætum og hefur verið skipst á leiðbeiningum og upplýsingum og með vaxandi hestaverslun hefur Ísland komið meira við sögu en oft áður.

Ræktunarmálin eru oft til umræðu og nefndir starfa í landssamtökum viða í Evrópu og hefur samstarf við íslenska ráðunauta t.a.m. Þorkel Bjarnason aukist verulega.

Íþróttamálin eru stöðugt til umræðu og dómarar vinna að endurbótum á dómstigum og framkvæmd keppnisreglna fyrir næsta E.M. í Austurríki 1987. Má reikna með fundi í haust og vetur um þau mál. Dómarar hafa farið utan frá Íslandi til að dæma í Norðurlandamóti, í ágúst og á þýska meistaramótið og e.t.v. víðar.

Unglingabúðir voru settar á laggirnar í Hollandi í ágúst og komu þangað unglingsar frá ýmsum FEIF löndum. Þótti það takast vel, en því miður var enginn þáttakandi frá Íslandi.

Aðalfundur FEIF var haldin í júlí í Reykjavík í tengslum við Landsmótið. Þangað komu fulltrúar frá flestum FEIF-löndum auk áheyrnar fulltrúa frá U.S.A. og stóra Bretlandi. Engar meiriháttar breytingar voru gerðar og í stjórnarkosningu var fulltrúi Íslands Sigurður Ragnarsson, endurkjörinn til næstu tveggja ára. Nokkrar breytingar urðu í stjórn og var Svein Bakke, Noregi, kosinn sem upplýsinga- og blaðafulltrúi samtakanna. Á fundinum var samþykkt að fresta innögöngu

U.S.A. og Bretlands, þar sem ekki tókst að samræma sjónarmið um skráningu hrossa sem ræktuð eru erlendis m.s. í þessum löndum, af íslensku kyni. Bíður það næsta aðalfundar að taka ákvörðun um þau sjónarmið.

Stjórn samtakanna hefur haldið þrjá fundi á árinu og tengjast þeir ýmsum atvikum sem skipta máli og auðvelda stjórnarmönnum að hittast, s.s. skoðun á næsta mótsstað í Austurríki, Landsmótið á Íslandi o.fl. þ.h. Stjórnin vinnur að ýmsum málum til samræmingar á milli landanna og til að auka útbreiðslu og þekkingu fóksins á hestinum. Þá hefur forsetinn það hlutverk að afgreiða mál sem þarfust daglegra samskipta í samráði við stjórnarmenn eftir málaflokkum.

Næsta Evrópumót verður haldið í Austurríki í byrjun ágúst 1987, og er undirbúningur á fullu í tengslum við það. Mótsstaðurinn heitir Weistrach í litlu þorpi um hálftíma akstur frá borginni Litz.

Frostmerkingar: Stjórn FEIF hefur í undirbúningi frostmerkingar sem öll aðildarlöndin koma til með að nota, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær það verður tekið til endanlegrar framkvæmdar. Er höfð hliðsjón af reynslu Íslendinga á þessu sviði og gæti orðið hvatning okkar að þetta verði almennt í notkun.

Vinabæjartengsl: Mikið hefur verið rætt um vinabæjartengsl milli landa og geysimargir unglingsar hafa áhuga á Íslandi, til dvalar í sveit eða hjá hestafólk í stuttan tíma. Á móti væri hægt að veita íslenskum unglingsum sama möguleika til dvalar erlendis, líkt og um skiptinema væri að ræða.

Kynbótasýningar á EM eru stöðugt í umræðu hjá stjórn, en ekki er en komin endanleg tillaga um framkvæmd slíkrar sýningar. Telja allir að slík sýning sé þæði nauðsynleg og skemmtileg og er stefnt að henni í tengslum við næsta EM.

Norðurlandamót var haldið í Finnlandi, og þótti takast ágætlega þratt fyrir reynsluleysi Finna í mótaþaldi. Nutu þeir aðstoðar Svíu og Dana. Um þetta mál var skrifð í Eiðfaxa í september. Íslenskir dómarar voru meðal annars við dómarastörf á þessu móti.

Hér hefur verið stiklað á stóru í helstu málafnum FEIF á þessu ári og reynt í stuttu máli að upplýsa um stöðu mál. Ýmis mál þyrfti

lengri umfjöllunar og ítarlegri, en ekki verður það rakið að sinni. Loks má geta að út er komin bók um sextán ár í sögu FEIF, á þýsku og ensku. Höfundar eru Dr. Ewald Isenbügel og Gunnar Jónsson. Er þar stiklað á stóru um málefni og tilgang, tilurð og verkefni FEIF á þessum árum, sem liðin eru frá upphafi og stofnun Evrópusamtakanna.

#### REIDHÖLL Í VÍDIDAL.

Unnið er að fullu að byggingu hússins. Þann 23/5 1986 var auglýst útboð í jarðvinnu. Við opnum tilboða kom í ljós að tilboð frá Bergás s/f var lægst, eð 59,8% af kostnaðaráætlun og var því samið við þann verktaka. Verkinu hefur miðað frekar hægt en það má segja að 1. lotu sé að mestu lokið, sem er ýting á lausum jarðvegi og sprengingar í húsgrunni. Lotu nr. 2 á verktaki að vera búinn að skila fyrir vorið 1987 og felst í þeirri lotu jarðvegsskifti og grófjöfnun á bílastæðum. Nýlega voru opnuð tilboð í útboðsverk 2, sem er undirstöður og var Byggingafélagið Frami með lægsta tilboðið og var samið við þá verktaka. Þeir eiga að skila því verki fyrir 15. nóv. 1986. Tilboð þeirra hljóðaði uppá 78,4% af kostnaðaráætlun en það má geta þess að sú kostnaðaráætlun var tölувert hærri en menn höfðu gert ráð fyrir. Þegar verkpætti tvö er lokið er hugmyndin að reisa húsið í vetur og gera það fokhelt fyrir vorið, og er von um að hægt verði að nýta húsið í tengslum við landbúnaðarsýningu sem halda á í ágúst 1987.

Á síðasta aðalfundi var hlutafé hækkað úr 10 millj. í 20 millj. og hluthöfum boðinn forkaupsréttur. Söfnun hlutafjár er stöðugt verkefni og vantar töluvvert uppá að söfnun hlutafjár sé lokið. Enn vantar marga úr röðum hestamanna bæði einstaklinga og félög hestamanna. Fyrir utan L.H., F.I. og F.H. eru nú eftirtalaín hestamanna-félög hluthafar: Fákur, Andvari, Hörður, Gustur, Máni og Trausti.

Fyrirhugað er að setja af stað mjög veglegt hoppdrætti með fjölda góðra vinninga að verðmæti um 9 hundruð þús. króna og á miðinn að kosta 500 kr. Upplag verður 7500 eða um það bil sami fjöldi sem skráður er hjá aðildarfélögum L.H. Til að glæða sölu á miðunum á að draga einungis úr seldum miðum. Sölufyrirkomulag hefur ekki verið ákveðið, en sú hugmynd hefur komið að dreifa miðum á hestamannafélögum og veita þeim ákveðna prósentu á hvern seldan miða þannig að þau sjá hag sinn í því að selja sem flesta miða og mundu líta á það sem fjárfölnun fyrir sitt félag.

Aðalfundur Reiðhallaðarinnar h.f. var haldinn föstudaginn 21. mars 1986 í félagsheimili Fáks. Stjórn Reiðhallaðarinnar h.f. hefur haldið fjóra fundi síðan aðalfundur var haldinn.

í stjórn voru valdir samkvæmt tilnefningu frá bændasamtökunum:

Magnús Sigsteinsson, til vara Agnar Guðnason.

Frá Landssambandi hestamannafélaga:

Gísli B. Björnsson, til vara Skúli Ú Kristjónsson.

Frá Félagi hrossabænda:

Sigurður J. Líndal, til vara Kjartan Georgsson.

Frá Hestamannafélagini Fáki:

Sigurbjörn Bárðarson, til vara Birgir R. Gunnarsson.

Kosnir á aðalfundi af hluthöfum:

Ragnheiður Sigurgrímsdóttir, til vara Águst Oddsson.

Gunnar Rúnar Magnússon, til vara Gísli Ellertsson.

Rosemarie Þorleifsdóttir, til vara Sigurður Gunnarsson.

Í bygginganeftnd voru eftirtaldir kosnir:

Águst Oddsson, Birgir R. Gunnarsson, Sigurbjörn Bárðarson  
og Magnús Sigsteinsson.

Framkvæmdastjóri er Gylfi Geirsson.

#### NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ, ÁNINGARSTAÐIR OG FERÐAMÁL HESTAMANNA.

Þann 27. maí hittust í húskynnum Náttúruverndarráðs við Hverfisgötu: Kári Arnórsson, Leifur Kr. Jóhannesson og Guðm. Ó. Guðmundsson frá L.H. og Einar E. Sæmundsen, Gísli Gíslason og Þóroddur Þóroddsson frá Náttúruverndarráði.

Tildróg fundarins voru að kynna og kynnast viðhorfum þessara aðila til ferðamáta og umgengni við landið. Fjölgun ferðamanna, jafnt ríðandi sem akandi um hálandið er vaxandi áhyggjuefnir hugsandi fólks. Áningarstaðir eru gjörsamlega vanbúnir til þess að taka við þessari fjölgun eins og sakir standa.

Náttúruverndarráð sér beinlínis um vernduð svæði á nokkrum stöðum á landinu. Má þar nefna Jökulsárgljúfur í N-Þing. og landssvæði á Fjallabaksleið. Þar gilda ákveðnar reglur um umgengni fólks sem þarf að kynna sér áður en ferðast er. Náttúruverndarráð gaf út leiðbeiningar um ferðir ríðandi fólks í Jökulsárgljúfrum, sem birtar voru í blöðum norðanlands, Eiðfaxa og "Hestinum okkar" auk þess, sem flestum hestamannafélögum á norðurlandi var sent bréflega.

Það er vaxandi atvinnuvegur að koma ferðafólk á hestbak. Hálandisferðir eru einkar vinsælar. Af litlum efnum lét L.H. gera áningaráhólf í Hvítárnesi, Hveravöllum og Álftakrók. Þau hólf eru mikil notuð en gjald kemur ekki á móti. Verður því kostnaðurinn þeim samfara þungur í skauti í framtíðinni við óbreyttar aðstæður. Augljóst er að sinna verður þessum þætti ferðamála meir en verið hefir, koma upp áningarstöðum sem standa undir nafni, gæta þeirra þessa tvö mánuði sem umferðin varir sumar hvert og reikna með að ferðamenn gjaldi fyrir greiðann. Er þá átt við vörslu, fóður og húskkjóli.

L.H. gerði tilraun með heysölu á Hveravöllum s.l. summar. Einar Höskuldsson á Mosfelli og félagar komu heyi frameftir og veðurathugunarfólkid annaðist sölnuna, sem var að vísu lítil, en kom sér engu að síður vel. Þá var einnig til sölu hey við Ströngukvísl og í Bugum á Eyvindarstaðaheiði á vegum upprekstrarfélagsins þar.

Hveravellir eru vafalaust fjölfarnasti áningarstaðurinn á meginhlálandinu. L.H. lagði nokkurt fé til viðbótarbyggingar á hesthusi upprekstrarfélagsins og þar verður heygeymsla í framtíðinni. Bindum við vonir við gott samkomulag og greiðasemi hestamanna og heimafólks á staðnum um þessa fyrirgreiðslu við ríðandi ferðamenn.

Eins og kunnugt er, þá rekur L.H. áningarstaðinn í Skógarhólum í félagi við Þingvallaneftnd og þjóðgarðsvörð. Nefndin greiðir vörsłumanni laun að mestu og hálfan girðingakostnað. Eins og fram kemur á reikningum s.l. árs, var talsverðu til kostað á s.l. ári svo segja má að staðurinn sé nú í viðunandi ástandi.

Gísli Jónsson og Erna Gunnarsdóttir á Kirkjulandi hafa gætt staðarins í 3 sumur af einstakri vandvirkni og eiga þau drýgstan þátt í vin-sældum hans. Á s.l. sumri voru skráðar 2700 gistiætur hrossa í Skógarhólum, og útlit fyrir að reksturinn standi undir sér þetta árið.

I sjóði v. áningahólfa voru í árslok 1985 kr. 585.507,88  
Á þessu ári hefir verið úthlutað til:

Hestamannafélagsins Mána	kr.	50.000,-
Hestamannafélagsins Sleipnis	-	50.000,-
Hesthúsb. og heygeymslu á Hveravöllum	-	80.000,-

Auk þess er gert ráð fyrir að greiða kostnað við endurbætur á áningar-hólfini á Hveravöllum, sem laskaðist mikið í ofviðri í nóv. s.l. Engar tekjur koma í sjóðinn þetta árið enda lauk þeim frá og með 1985.

Vegna þess hversu ferðamál hestamanna eru áhugaverð og vaxandi, þá kaus stjórn L.H. að um þau yrði fjallað sérstaklega á þessu árspingi og til þess fengnir sérstakir framsögumenn, Birgir Þorgilsson frá Ferðamálaráði, Kristján Guðmundsson f.h. hestamanna og Þóroddur Þóroddsson frá Náttúruverndarráði.

#### HROSSASALA - ÚTFLUTNINGUR 1986

Átak Búvörudeildar SÍS og Félags hrossabænda.

Oft er rætt um að erlendi markaðurinn sé að dragast saman og lítil eftirsprungur sé eftir hrossum héðan beint á síðustu árum. Vissulega hefur markaðurinn dregist saman, en lítið hefur verið gert til að auka hann eða endurvekja. Nefna má þó nokkur dæmi sem eru til þess fallin að auka markað að nýju, og hafa lyft verslun upp á við a nýjan leik.

Það nýjasta í útflutningsmálum og sölu hrossa úr landi, er tilraun Búvörudeilda SÍS og Félags hrossabænda, að senda utan hross með skipi. Búvörudeild Sambandsins og Félag hrossabænda taka á þennan hátt upp samvinnu um að lyfta útflutningi hrossa upp úr þeirri lægð sem hann hefur verið í um langan tíma, og veita erlendum kaupendum og innlendum aðilum möguleika á ódýrari flutningi en áður hefur þekkt.

Söluskrá - söluþjónusta.

Félag hrossabænda leitar eftir því frá bændum að öll hross komi inn á söluskrá sem sé tilbúin eigi síðar en í endaðan febrúar. Þessi skrá veiti upplýsingar um ætt hestsins, verð hans og gæði og eiganda. Söluskránni sé hægt að dreifa erlendis ef þurfa þykir. Mjög nauðsynlegt er að í henni séu allar upplýsingar sem nákvæmstar.

Ferðamálin og landsmótið hefur haft áhrif á sölu og kynningu og ber að nýta þá möguleika meira til framgangs í sölu hesta úr landi. Óvenju mikið er um ferðalög á hestum og nýtur sú atvinnugrein vaxandi vinsælda.

Á þessu stigi er Ameríkumarkaður óskriflað blað, þótt ýmislegt bendi til aukins áhuga. Rétt er þó að hafa í huga að sókn á þeim markaði er erfið og ekki jafn auðveld í byrjun og Evrópumarkaðir. Álítið er að næstu tvö ár hljóti að skera úr um framhald.

Flugleiðir og Eimskip hafa eflst í sínum flutningum miðað við þær aðstæður sem við höfum átt við að búa. Erlend flugfélög hafa áhuga á samvinnu á þessum svíðum og eru þau mál í athugun.

Þegar þetta er skriflað, er verið að undirbúa útflutning á hestum með skipi í hafnir til Noregs, Danmerkur og Belgíu. Allt að 200 reiðhestar verða þá fluttir út auk 200-300 hross til afsláttar.

## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 1985

Sýnt er að þegar tekist hefur að lækka flutningskostnað og umsýslukostnað hér innanlands hefur markaður erlendis strax aukist. Veruleg eftirspurn hefur verið eftir hestum í Noregi, Svíþjóð, Danmörku auk Þýskalands og annarra Evrópulanda. Strax og hægt er að hafa skipulega kynningu og þjónustu við hestakaupmenn og áhugafólk erlendis er sýnt að áhugi og eftirspurn eykst.

Það sem af er þessu ári hafa verið flutt út af Búvörudeild 330 reiðhross og 52 sláturhross, 382 alls.

Skipting á útflutningi Búvörudeilda er þannig:

Skipting á ýmis lönd frá 1/1 86 - 30/8 86.

Noregur	.....	45
Danmörk	.....	110
Svíþjóð	.....	98
Finnland	.....	1
Þýskaland	.....	60
Holland	.....	6
Austurríki	.....	2
Swiss	.....	1
Bretland	.....	1
U.S.A.	.....	<u>6</u>
		330
Sláturhross		<u>52</u>
Alls		<u>382</u>

Aðrir aðilar hafa einnig flutt út hross sem gætu verið um 20-30 reiðhross alls.

Í heild hafa mál þróast þannig að allveruleg aukning hefur orðið eða 100% í fjölda og verðmætaaukning reiðhesta er nú þrefold miðað við árið í fyrra. Aukning í verðmætum er 202% frá árinu áður, sem þýðir að hvert hross hefur hækkað að meðaltali um 54% í verði sé miðað við sama tíma 1985 í verðmæti.

Átak Félags hrossabænda og Búvörudeilda hefur því þegar borið góðan árangur og gefur fyrirheit um að þessi mál séu í góðri þróun og vissulega ástæða til að efla á allan hátt.

## LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

Skýr.

Tekjur:	1985	1984
3) Árgjöld sambandsfél. Kr.961.520.00		
Hl.árgj.v.Reiðhallarb. " 240.380.00	Kr. 1.201.900.00	Kr. 852.480.00
Reiðskólastyrkur úr ríkissj. ....	" 40.000.00	" 25.000.00
1) Útg.smárita og filmul.(tekjur umfr.gj.).	" 12.490.75	" 0.00
4) Útgáfa blaðsins "Hestar" .....	" 168.305.75	" 106.187.90
Vaxtatekjur umfram vaxtagjöld .....	" 22.384.15	" 33.236.17
<b>Tekjur alls</b>	<b>Kr. 1.445.080.65</b>	<b>Kr. 1.016.904.07</b>

## Gjöld:

5) Laun og launakostn. á skrifst. ....	Kr. 503.856.00	Kr. 426.487.00
6) Annar skrifstofukostnaður .....	" 340.062.55	" 291.044.70
7) Þinghald og fundir .....	" 174.882.05	" 80.954.65
8) Akstur og ferðakostnaður .....	" 131.570.10	" 99.255.70
Námskeiðahald o.p.h. .....	" 2.500.00	" 39.243.50
9) Rekstur Skógarhóla .....	" 4.144.58	" 30.683.65
Útg.smárita og filmul.(gj.umfr.tekjur)..	" 0.00	" 74.096.00
10) Annar kostnaður .....	" 84.526.80	" 72.142.90
12) Afskriftir .....	" 20.051.00	" 20.400.00
<b>Gjöld alls</b>	<b>Kr. 1.261.593.08</b>	<b>Kr. 1.134.308.10</b>

Hagnaður &lt;Halli&gt; á rekstri

Kr. 183.487.57Kr. <117.404.03>

## EFNAHAGSREIKNINGUR

PR. 31. DESEMBER 1985

## LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

EIGNIR:

Skýr.

<u>Veltufjármunir:</u>	1985	1984
15) Bankainnistæður .....	Kr. 549.329.65	Kr. 350.952.78
17) Fyrirfr.gr.kostn.og viðsk.kröfur .....	" 85.057.26	" 68.770.46
18) Ótistandandi reikningar .....	" 137.928.80	" 0.00
16) Vangr.árgjöld og skattur .....	" 14.861.00	" 24.481.00
Vixileignir .....	" 0.00	" 13.932.00
Birgðir smárita, laga, reglug. ofl. ....	" 200.000.00	" 90.000.00
<b>Veltufjármunir alls</b>	<b>Kr. 987.176.71</b>	<b>Kr. 548.136.24</b>

Fastafjármunir:

Hlutafé í Reiðhöllinni hf. ....	Kr. 700.000.00	Kr. 0.00
Kvikmyndir .....	" 200.00	" 200.00
13) Skrifstofuáhöld og innréttigarar .....	" 43.750.00	" 32.901.00
14) Myndbandstæki og myndbönd .....	" 25.536.00	" 33.631.00
Girðing Hvítárnesi .....	" 2.200.00	" 2.200.00
Skógarhólar, hús (fasteignamat) .....	" 91.000.00	" 55.000.00
Skógarhólar, endurb.á aðstöðu .....	" 92.000.00	" 0.00
<b>Fastafjármunir alls</b>	<b>Kr. 954.686.00</b>	<b>Kr. 123.932.00</b>

EIGNIR ALLS Kr. 1.941.862.71 Kr. 672.068.24

Skýr.

<u>Skuldir:</u>	1985	1984
19) Ógr. kostnaður og viðskiptaskuldir .....	Kr. 279.847.20	Kr. 44.835.00
Ogfr. árgjöld .....	" 0.00	" 2.039.00
Samþ.víxlar .....	" 108.736.00	" 0.00
Skuldarbreyf v/hlutabréfakaupa .....	" 455.336.00	" 0.00
	Kr. 843.919.20	Kr. 46.874.00

Áningarsjóður:

2) Óráðstafaður beitarskattur .....	" 585.507.88	" 332.179.18
Skuldir og áningarsjóður alls	Kr. 1.429.427.08	Kr. 379.053.18

Eigið fé:

20) Óráðstafað eigið fé .....	Kr. 512.435.63	Kr. 293.015.06
Eigið fé alls	Kr. 512.435.63	Kr. 293.015.06

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS Kr. 1.941.862.71 Kr. 672.068.24

Reykjavík, 23.september 1986


  
Gunnar B. Gunnarsson

Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur Landssambands hestamannafélaga, höfum yfirfarið ársreikning Landssambandsins fyrir árið 1985.

Við teljum að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Landssambandsins árið 1985 og efnahag þess 31.12.1985 og mælum því með samþykkt hans.

Reykjavík, 23.september 1986.


  
Haraldur Sveinsson Haraldur Sveinsson  
 Þorvaldur Þorvaldsson Þorvaldur Þorvaldsson

"Hesturinn okkar"

**REKSTRARREIKNINGUR 1985**

"Hesturinn okkar"

"Hesturinn okkar"

**EFNAHAGSREIKNINGUR**

"Hesturinn okkar"

**Tekjur:**

	1985	1984
8) Áskrift og lausasala .....	Kr. 1.538.469.05	Kr. 1.106.573.00
Auglýsingar .....	" 204.000.00	" 112.800.00
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	<u>" 137.943.73</u>	<u>" 74.617.79</u>
Tekjur alls	<u>Kr. 1.880.412.78</u>	<u>Kr. 1.293.990.79</u>

**Gjöld:**

Setning, prentun, umbrot .....	Kr. 1.200.236.00	Kr. 784.448.00
Myndir .....	" 11.800.00	" 11.400.00
Innheimta og dreyfing .....	" 80.593.00	" 83.674.94
2) Launa, ferða- og símak. (starfsm. og ritn.)	" 373.966.00	" 233.193.00
Tölvuvinnsla .....	" 8.788.00	" 11.341.00
3) Húsaleiga og skrifst.kostn.	" 120.468.05	" 77.377.00
Kostn.v/25 ára afm. H.O. .....	" 16.075.00	" 0
Auglýsingar .....	" 12.250.00	" 15.525.00
Annar rekstrarkostnaður (ritlaun v/sögu L.H.) .....	" 15.000.00	" 9.519.00
Afskriftir áhalda .....	<u>" 4.882.00</u>	<u>" 4.882.70</u>
Gjöld alls	<u>Kr. 1.844.058.05</u>	<u>Kr. 1.231.360.64</u>
 Tekjur umfram gjöld	<u>Kr. 36.354.73</u>	<u>Kr. 62.630.15</u>

**EIGNIR:**

	1985	1984
<u>Veltufjármunir:</u>		
Spb. nr. 36610 í Spsj.Rvk.og nágr. ....	Kr. 763.125.78	Kr. 776.795.11
Ávr. nr.24575 " " " .... "	88.564.92	" 103.249.95
4) Útistandardi auglýsingar .....	" 195.800.00	" 117.800.00
5) Útistandardi áskriftir .....	<u>" 120.000.00</u>	<u>" 132.000.00</u>
<u>Veltufjármunir alls</u>	<u>Kr. 1.167.490.70</u>	<u>Kr. 1.129.845.06</u>

**Fastafjármunir:**

6) Áhöld á skrifstofu .....	Kr. 22.888.00	Kr. 27.770.00
	Kr. 22.888.00	Kr. 27.770.00
<u>Eignir alls</u>	<u>Kr. 1.190.378.70</u>	<u>Kr. 1.157.615.06</u>

Eignir alls

Árgjöld og beitarsk. skv. uppqjöri til L.H. 1985.SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

<u>Skammtímaskuldir:</u>	1985	1984
7) Ógreiddur kostnaður .....	Kr. 505.246.05	Kr. 508.837.14
Skuldir alls	Kr. 505.246.05	Kr. 508.837.14

Eigið fé:

Óráðstafað eigið fé 1/1.1985 .....	Kr. 648.777.92
Hagnaður skv. rekstrarreikningi .....	" 36.354.73
Eigið fé alls	Kr. 685.132.65
	Kr. 648.777.92

Skuldir og eigið fé alls	Kr. 1.190.378.70	Kr. 1.157.615.06
--------------------------	------------------	------------------

Reykjavík, 16. október 1986


  
Gunnar B. Gunnarsson


Við undirritaðir kjörnir endurskoðendur L.H., höfum yfirfarið framanskráðan ársreikning Hestsins okkar fyrir árið 1985.

Við höfum sannreynnt að tilfærðar bankainnistæður eru fyrir hendi.

Við teljum, að ársreikningurinn, sem samanstendur af rekstrarreikningi ársins 1985, efnahagsreikningi pr. 31.12.1985, skýringum og sundurliðunum nr. 1-8, gefi glögga mynd af rekstri blaðsins árið 1985, og stöðu þess í árslok. Við mælum því með samþykkt hans.

Reykjavík, 16. október 1986


  
Haraldur Sveinsson


  
Þorvaldur Þorvaldsson

	Félagsmenn	Árgjöld	Beitarskattur	Alls
Andvari .....	136	Kr. 23.120.-	Kr. 7.072.-	Kr. 30.192.-
Blakkur .....	50	" 8.500.-	" 2.600.-	" 11.100.-
Blær .....	45	" 7.650.-	" 2.340.-	" 9.990.-
Dreyri .....	200	" 34.000.-	" 10.400.-	" 44.400.-
Faxi .....	256	" 43.520.-	" 13.312.-	" 56.832.-
Fákur .....	806	" 137.020.-	" 41.912.-	" 178.932.-
Feykir .....	59	" 10.030.-	" 3.068.-	" 13.098.-
Félag tamningamanna	88	" 14.960.-	" 4.576.-	" 19.536.-
Freyfaxi .....	233	" 39.610.-	" 12.116.-	" 51.726.-
Funi .....	78	" 13.260.-	" 4.056.-	" 17.316.-
Geysir .....	366	" 62.220.-	" 19.032.-	" 81.252.-
Glaður .....	133	" 22.610.-	" 6.916.-	" 29.526.-
Glófaxi .....	41	" 6.970.-	" 2.132.-	" 9.102.-
Glæsir .....	81	" 13.770.-	" 4.212.-	" 17.982.-
Gnýfari .....	62	" 10.540.-	" 3.224.-	" 13.764.-
Goði .....	40	" 6.800.-	" 2.080.-	" 8.880.-
Grani .....	92	" 15.640.-	" 4.784.-	" 20.424.-
Gustur .....	351	" 59.670.-	" 18.252.-	" 77.922.-
Háfeti .....	71	" 12.070.-	" 3.692.-	" 15.762.-
Hornfirðingur ....	117	" 19.890.-	" 6.084.-	" 25.974.-
Hringur .....	112	" 19.040.-	" 5.824.-	" 24.864.-
Hörður .....	325	" 55.250.-	" 16.900.-	" 72.150.-
Kinnskær .....	40	" 6.800.-	" 2.080.-	" 8.880.-
Kópur .....	113	" 19.210.-	" 5.876.-	" 25.086.-
Léttfeti .....	163	" 27.710.-	" 8.476.-	" 36.186.-
Léttir .....	315	" 53.550.-	" 16.380.-	" 69.930.-
Ljúfur .....	78	" 13.260.-	" 4.056.-	" 17.316.-
Logi .....	128	" 21.760.-	" 6.656.-	" 28.416.-
Máni .....	131	" 22.270.-	" 6.812.-	" 29.082.-
Neisti .....	96	" 16.320.-	" 4.992.-	" 21.312.-
Öðinn .....	50	" 8.500.-	" 2.600.-	" 11.100.-
Seyður .....	20	" 3.400.-	" 1.040.-	" 4.440.-
Sleipnir .....	302	" 51.340.-	" 15.704.-	" 67.044.-
Smári .....	270	" 45.900.-	" 14.040.-	" 59.940.-
Snarfari .....	46	" 7.820.-	" 2.392.-	" 10.212.-
Sindri .....	165	" 28.050.-	" 8.580.-	" 36.630.-
Snæfellingur ....	234	" 39.780.-	" 12.168.-	" 51.948.-

Árgjöld og beitarsk. skv. uppgjöri til L.H 1985.

Félagsmenn	Árgjöld	Beitarskattur	Alls
Snæfaxi .....	62	Kr. 10.540.-	Kr. 3.224.-
Stígandi .....	188	" 31.960.-	" 9.776.-
Stormur .....	120	" 20.400.-	" 6.240.-
Svaði .....	66	" 11.220.-	" 3.432.-
Sörli .....	305	" 51.850.-	" 15.860.-
Trausti .....	114	" 19.380.-	" 5.928.-
Þjálfí .....	138	" 23.460.-	" 7.176.-
Þráinn .....	67	" 11.390.-	" 3.484.-
þytur .....	117	" 19.890.-	" 6.084.-
<b>Samtals</b>	<b>7070</b>	<b>Kr. 1.201.900.-</b>	<b>Kr. 367.640.-</b>
			Kr. 1.569.540.-

(Árgjald fyrir hvern félaga Kr. 170.- og beitarskattur Kr. 52.-).

HVAR HAFA ÁRSPING L.H. VERIÐ HALDIN?

1.	1949	í Reykjavík
2.	1951	í Reykjavík
3.	1952	á Sauðárkróki
4.	1953	í Faxaborg
5.	1954	á Akureyri
6.	1955	á Hellu
7.	1956	í Reykjavík
8.	1957	á Egilsstöðum
9.	1958	í Reykjavík
10.	1959	í Reykjavík
11.	1960	á Akureyri
12.	1961	í Hlégarði, Mosf.
13.	1962	í Borgarnesi
14.	1963	á Flúðum, Árn.
15.	1964	á Sauðárkróki
16.	1965	á Hvolsvelli
17.	1966	á Höfn, Hornaf.
18.	1967	á Blönduósi
19.	1968	í Reykjavík
20.	1969	í Búðardal
21.	1970	á Egilsstöðum
22.	1971	á Selfossi
23.	1972	í Aratungu, Árn.
24.	1973	í Borgarnesi
25.	1974	á Akureyri
26.	1975	í Ytri-Njarðvík
27.	1976	á Höfn, Hornaf.
28.	1977	í Heiðarborg, Borg.
29.	1978	í Kópavogi
30.	1979	á Flúðum, Árn.
31.	1980	á Húsavík
32.	1981	í Stykkishólmi
33.	1982	í Hlégarði, Mosf.
34.	1983	í Borgarnesi
35.	1984	í Hafnarfirði
36.	1985	á Akureyri
37.	1986	á Egilsstöðum

**Samtals:**

í Reykjavík	6 sinnum	á Blönduósi	1 sinni
í Borgarfirði	5 sinnum	í Búðardal	1 sinni
í Ánessýslu	4 sinnum	í Ytri-Njarðvík	1 sinni
á Akureyri	4 sinnum	í Kópavogi	1 sinni
á Egilsstöðum	3 sinnum	á Húsavík	1 sinni
í Mosfellssveit	2 sinnum	í Stykkishólmi	1 sinni
á Höfn í Hornaf.	2 sinnum	í Hafnarfirði	1 sinni
í Rangárvallasýslu	2 sinnum		
á Sauðárkróki	2 sinnum		

Árin 1951-1957 voru þingin haldin að sumrinu í tengslum við fjórðungs-eða landsmót. Síðan 1958 hafa þau verið haldin að hausti til.